

## Stjórnarfundur 30. janúar 2023

Haldinn á Teams vegna veðurs.

Mætt: Ragnhildur, Cora, Snævar, Þórunn.

Nefndir búa til auglýsingar fyrir viðburði sem stjórn getur svo sett á heimasíðu og deilt á aðra miðla.

Rúlluplast: HP gámar eru með gáma í samstarfi við Pure North. Ragga er að athuga kostnað fyrir að fá gám sem myndi taka rúlluplast og plast utan af spæni til að setja í hesthúsaferfi.

Fyrirspurn frá félagsmanni hvort væri hægt að fá ruslatunnur í félagsheimili til að flokka. Góð ábending. Viljum kaupa fötu sem hentar. Samþykkt.

Jakkarnir klárir, komnir í sölu á Sportabler.

Þurfum að panta merki til að festa á keppnisjakkana. T.d. ef einhver keppir í svörtum jakka þá sé hægt að festa félagsmerkið á jakkann. Ef gert erlendis er það mjög ódýrt, kannski 200 kr/stk. Það ætti að vera til stimpill/silkiprent sem hefur verið notað, mögulega hjá Helgu í Kjarri. Batik á Íslandi gerir merki, má spyrja um kostnað.

Viljum skoða að félagið eigi líka hvít bindi. Munum skoða verð.

Póstlisti í Sportabler.

Það eru fá netföng skráð. Sumir vilja fá tölvupóst þegar viðburðir eru auglýstir. Það hefur oft verið beðið um að félagar sendi okkur netföng en hafa verið lítil viðbrögð. Getum reynt aftur.

Það væri gaman að geta gert félaga að heiðursfélaga á öðrum viðburðum en aðalfundi.

Tökum það upp fyrir næsta aðalfund.

Umbun sjálfboðaliða fyrir störf í þágu félagsins. Ábending frá félagsmanni um að það væri sniðugt. Við þurfum að finna leið til að ákveða hverjir fá umbun og hver er umbunin.

Skiltin eru klár og og eru í félagsheimilinu. Snævar og Þráinn munu setja þau upp þegar færi gefst.

Hver er raunverulegi/upphaflegi litur Ljúfs-logosins? Er það liturinn á jökkunum eða út í fjólubláan eins og er á logoinu? Viljum laga litinn í logo-inu.